



Borgarráð

Mariubaugur 1, sala á færanlegum skólastofum við Ingunnarskóla

Óskað er eftir að borgarráð samþykki að selja færanlegar skólastofur við Ingunnarskóla, fasteignanúmer 2267412 sem merkt er 07-0101, 08-0101, 03-0101, og 09-0101 fyrir Kr. 500.000,-. Kaupandi er Og Synir / Ofurtólið ehf. kt. 120473-3019

Greinargerð

Óskað er eftir heimild borgarráðs til að selja færanlegar skólastofur sem staðið hafa ónotaðar við Ingunnarskóla í Grafarholti um nokkurt skeið. Skólastofurnar voru nýttar á sínum tíma, en eru orðnar lélegar og ekki hægt að nýta þær lengur sem skólahúsnæði.

Stofurnar hafa verið auglýstar tvisvar til sölu. Engin tilboð né fyrirspurnir bárust.

Umhverfis- og skipulagsvið hefur samið við verktaka, Synir / Ofurtólið ehf. til að annast uppsetningu á klæðningu á Ingunnarskóla. Verktakinn hefur óskað eftir að kaupa stofurnar til að nýta sem vinnubúðir. Mun hann greiða Kr. 500.000,- fyrir lausu stofurnar og fjarlægja þær að verktíma loknum á sinn kostnað.

Virðingarfyllst,

Óli Jón Hertervig
Fjármála- og áhættustýringarsvið
Eignaskrifstofa

Hjálagt:

Drög, Kaupsamningur um lausar og færanlegar kennslustofur auk tengihúss við Ingunnarskóla, Mariubaugi 1, Reykjavík dags. 7. júní 2022

KAUPSAMNINGUR

Reykjavíkurborg, kt. 530269-7609, Tjarnargötu 11, 101 Reykjavík (hér eftir nefnd „seljandi“), vegna Reykjavíkurborgar – eignasjóðs, kt. 570480-0149, Borgartúni 10-12, 105 Reykjavík og Synir/Ofurtólið ehf., kt. 481007-0700 (hér eftir nefnt „kaupandi“), gera með sér svofelldan kaupsamning, þar sem seljandi lofar að selja og kaupandi að kaupa neðangreinda fasteign, sbr. nánari ákvæði kaupsamnings þessa:

1. gr.

Hið selda

Seljandi lofar að selja og kaupandi að kaupa lausar og færanlegar kennslustofur auk tengihúss við Ingunnarskóla, Maríubaugi 1, Reykjavík, fasteignanúmer 2267412, sem merkt er 07-0101, 08-0101, 03-0101 og 09-0101(K-65A, K-84A, K-36A og T-42A) ásamt öllu því sem fylgir og fylgja ber.

2. gr.

Ástand hins selda

Hið selda er selt í núverandi ástandi sem kaupandi hefur kynnt sér rækilega og sættir sig við ástand þess í alla staði. Eignirnar seljast í því ástandi sem þær eru í og engar endurbætur verða gerðar á þeim af hálfu seljanda.

3. gr.

Kaupverð

Umsamið kaupverð fyrir hið selda er **krónur 500.000,-** skrifað fimmhundruðþúsund.

Um greiðslufyrirkomulag og greiðsluskilmála kaupverðs gildir eftirfarandi:

Við undirritun kaupsamnings kr. 500.000,-

Kaupandi skal greiða kaupverðið inn á bankareikning Reykjavíkurborgar – eignasjóðs, nr. 0334-26-054780, kt. 570480-0149.

4. gr.

Afhending hins selda

Afhending hins selda skal fara fram við undirritun þessa kaupsamnings. Frá þeim tíma nýtur kaupandi alls arðs af hinni seldu eign og greiðir af henni skatta og skyldur.

Áhætta af eignunum flyst frá seljanda til kaupanda á afhendingardegi.

Í kjölfar afhendingar hins selda er kaupanda heimilt að nota húsnæðið tilgreinda við Ingunnarskóla til að sinna þeim framkvæmdum sem hann eða aðrir á hans vegum eru að annast við skólann.

Að framkvæmdatíma sínum liðnum við Ingunnarskóla og alls ekki síðar en 30 dögum að liðnum verklokum skal kaupandi hafa fjarlægt húsnæðið að fullu og öllu af núverandi vettvangi. Hann ber ábyrgð á og allan kostnað við að aftengja það frá öllum veitutengingum, þ.m.t. heitu vatni, köldu vatni, raforku, niðurfalli, interneti, síma og öðrum lögnum eða veitum.

Allan kostnað sem fellur til vegna flutnings húsnæðisins ber kaupandi.

Kaupanda ber að afla allra tilskilinna og nauðsynlegra leyfa, hvort sem húsin eru flutt í heilu lagi, eða þau eru hlutuð og flutt, eða rifin til flutnings byggingarefnis sem fellur til. Kaupandi skal gæta þess að hafa aflað allra nauðsynlegra leyfa og heimilda frá til þess bærum aðilum vegna flutnings húsanna, s.s. hjá lögreglu, heilbrigðiseftirliti og byggingarfulltrúa og öðrum í samræmi við áform um flutning húsnæðisins. Kaupandi ber allan kostnað af öflun allra nauðsynlegra leyfa vegna flutningsins.

Lögskil opinberra gjalda og annars rekstrarkostnaðar miðast við það tímamark og fer fram við afhendingu. Afsal fer fram þegar kaupandi hefur greitt lokagreiðslu skv. b-lið 6. gr.

5. gr.

Fjarlæging

Kaupandi ber ábyrgð á og er skylt að fjarlægja ofangreint húsnæði að fullu og skal hann hafa framkvæmt það innan 30 daga frá verklokum.

Hafi kaupandi ekki fjarlægt húsnæðið á allan og fullnægjandi hátt að áliti seljanda ofangreindan tíma er seljanda heimilt að fjarlægja húsnæðið og farga því eða ráðstafa á annan hátt af núverandi vettvangi að fullu og alfarið á kostnað kaupanda.

6. gr.

Þinglýsing og greiðsla gjalda

Kaupandi skal greiða stimpil- og þinglýsingargjöld af öllum skjölum er kaupin varða.

7. gr.

Breytingar á samningi og fyrirvari

Breytingar sem kunna að vera gerðar á samningi þessum taka ekki gildi fyrr en þær hafa verið gerðar skriflega og undirritaðar af báðum samningsaðilum.

11. gr.


Varnarþing

Um samning þennan gilda að öðru leyti lög um fasteignakaup nr. 40/2002. Rísi ágreiningur um túlkun samnings þessa skal bera hann undir Héraðsdóm Reykjavíkur til úrlausnar nema aðilar verði ásáttir um annað.

Samningur þessi er gerður í tveimur samhljóða eintökum og skal hvor aðili halda sínu eintaki. Öllu framangreindu til staðfestu rita aðilar eða forsvarsmenn þeirra nöfn sín undir samning þennan í votta viðurvist.


Reykjavík, 7. júní 2022

F.h. Reykjavíkurborgar
með fyrirvara um samþykki borgarráðs



F.h. Og Synir / Ofurtólið ehf.
Þorsteinn Erlingsson

Vottar að rétttri dags., hæfi og undirskrift aðila:



Auður Helgason hdl.
Kt. 180674-5199

Nafn og kennitala

Nafn og kennitala